



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Mosfellsbær

b.t. Lára D. Gunnarsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála

Þverholt 2

270 Mosfellsbær

Reykjavík 9. júní 2022

MÍ202205-0083/ 6.08 / 5221

Efni: Miðsvæði 116M - aðalskipulagsbreyting

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst verkefnastjóra skipulagsmála Mosfellsbæjar frá 12. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 fyrir miðasvæði 116-M. Með erindinu fylgdi uppdráttur unnin af umhverfissviði Mosfellsbæjar dagsett 10.03.2022.


Miðsvæði 116-M afmarkast helst af götunum Langatanga, Þverholti, Bjarkarholti, Háholti og Skeiðholt. Breyting á aðalskipulaginu felur í sér að fjölga leyfilegum íbúðum á miðsvæði 116-M úr 386 í 750 íbúðir.

Fjallað er um fornleifar í greinargerð tillögunnar. Eins og þar kemur fram var Fornleifaskrá Mosfellsbæjar gefin út af Þjóðminjasafni Íslands árið 2006. Skráningin uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar frá 2013 um skráningu fornleifa. Í greinargerðinni segir jafnframt að starfsmaður Minjastofnunar hafi skoðað svæðið 14. mars 2022 og að ekki hafi fundist fornleifar á svæðinu þar sem þétting byggðarinnar er fyrirhuguð. Þá segir að hús sem fyrirhuguð er að rífa innan svæðisins vegna þéttingar byggðarinnar falli ekki undir lög um menningarminjar. Um er að ræða þrjú einbýlishús, bílskúrar og gróðurhús á lóðunum númer 1,2 og 3 við Bjarkarholt. Samkvæmt Fasteingaskrá eru byggingarnar reistar á tímabilinu 1960 til 1991. Vakin er athygli á að innan skipulagssvæðisins eru tvö hús, Hlégarður og Brúarland, sem eru mikilvæg í sögu Mosfellsbæjar. Brúarland er byggt árið 1922 og er því friðað skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar við þessi hús.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við tillögu að breytingu á aðalskipulagi miðasvæðis 116-M í Mosfellsbæ eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð dags. 10.03.2022. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem hljóðar svo: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skál Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,


Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúinn í Mosfellsbæ (skipulag@mos.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)